

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/58/EB

frá 12. júlí 2002

um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafræna fjarskipta
(tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽⁴⁾ er þess krafist að aðildarríkin tryggja réttindi og frelsi einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga, einkum rétt þeirra til friðhelgi einkalífsins, með það fyrir augum að tryggja frjálst flæði persónuupplýsinga í Bandalaginu.
- 2) Í þessari tilskipun er leitast við að virða grundvallarréttindi og fylgja meginreglum, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Einkum er í þessari tilskipun leitast við að tryggja að réttindin, sem sett eru fram í 7. og 8. gr. þess sáttmála, séu að fullu virt.
- 3) Fjarskiptaleynd er tryggð með alþjóðasamningum um mannréttindi, einkum Evrópasáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis og með stjórnarskrám aðildarríkjanna.
- 4) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/66/EB frá 15. desember 1997 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á fjarskiptasviðinu ⁽⁵⁾ voru meginreglurnar, sem settar voru fram í tilskipun 95/46/EB, yfirfærðar í sértækar reglur fyrir fjarskiptasviðið. Aðlaga verður tilskipun 97/66/EB að þróun

markaða og tækni fyrir rafræna fjarskiptaþjónustu til að veita notendum rafrænnar fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, samsvarandi vernd persónuupplýsinga og einkalífs án tillits til þeirrar tækni sem notuð er. Þá tilskipun skal því fella úr gildi og þessi tilskipun koma í hennar stað.

- 5) Verið er að taka nýja og háþróaða, stafræna tækni í notkun á almennum fjarskiptanetum í Bandalaginu og hefur það í för með sér sérstakar kröfur um vernd persónuupplýsinga og einkalífs notandans. Þróun upplýsingasamfélagsins einkennist af því að verið er að innleiða nýja, rafræna fjarskiptaþjónustu. Meirihluti almennings hefur möguleika á aðgangi að stafrænum farstöðvanetum og á viðráðanlegu verði. Þessi stafrænu net búa yfir mikilli afkastagetu og möguleikum að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga. Árangursrík þróun þessarar þjónustu yfir landamæri byggist að hluta til á því að notendur geti treyst því að friðhelgi einkalífs þeirra verði virt.
- 6) Netið er að umbylta hefðbundinni markaðsgerð með framboði á sameiginlegu, hnattrænu grunnvirki til að veita margs konar rafræna fjarskiptaþjónustu. Rafræn fjarskiptaþjónusta, sem er öllum aðgengileg og veitt á Netinu, opnar nýja möguleika fyrir notendur en skapar einnig nýja hættu fyrir persónuupplýsingar þeirra og friðhelgi einkalífsins.
- 7) Þegar um er að ræða almenn fjarskiptanet er nauðsynlegt að setja sérstök lagaákvæði, ákvæði reglna og tæknileg ákvæði með það fyrir augum að verja grundvallarréttindi og frelsi einstaklinga og réttmæta hagsmuni lögaðila, einkum að því er varðar aukna afkastagetu við sjálfvirkni við geymslu og vinnslu gagna er tengjast áskrifendum og notendum.
- 8) Samhæfa verður ákvæði laga og reglna og tæknileg ákvæði, sem aðildarríkin samþykkja um verndun persónuupplýsinga, einkalífs og réttmætra hagsmuna lögaðila á rafræna fjarskiptasviðinu, til að komast hjá hindrunum í vegi fyrir því að innri markaður fyrir rafræn fjarskipti komist á í samræmi við 14. gr. sáttmálans. Samhæfingin skal takmarkast við kröfur sem eru nauðsynlegar til að tryggja að ekki verði settar hömlur á framgang og þróun nýrrar, rafrænnar fjarskiptaþjónustu og -neta milli aðildarríkjanna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 365 E, 19.12.2000, bls. 223.⁽²⁾ Stjtið. EB C 123, 25.4.2001, bls. 53.⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 13. nóvember 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 28. janúar 2002 (Stjtið. EB C 113 E, 14.5.2002, bls. 39) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 30. maí 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Ákvörðun ráðsins frá 25. júní 2002.⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 1.

- 9) Aðildarríkin, þjónustuveitendur og hlutaðeigandi notendur skulu, ásamt þar til bærum aðilum í Bandalaginu, vinna saman að því að kynna og þróa viðkomandi tækni þegar það er nauðsynlegt til að sú trygging, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, taki gildi og taka einkum tillit til markmiða um að draga úr vinnslu persónuupplýsinga og að nota nafnlaus gögn eða gögn með dulnefni eftir því sem mögulegt er.
- 10) Tilskipun 95/46/EB gildir um rafræna fjarskiptasviðið, einkum um mál er varða verndun grundvallarréttinda og frelsis, sem ákvæði þessarar tilskipunar taka ekki sérstaklega til, þ.m.t. skyldur ábyrgðaraðila og réttindi einstaklinga. Tilskipun 95/46/EB gildir um óopinbera fjarskiptaþjónustu.
- 11) Líkt og tilskipun 95/46/EB fjallar þessi tilskipun ekki um mál sem snerta verndun grundvallarréttinda og frelsis í tengslum við starfsemi sem heyrir ekki undir lög Bandalagsins. Hún raskar því ekki því jafnvægi sem til staðar er milli réttar einstaklings til friðhelgi einkalífs og möguleika aðildarríkjanna til að gera þær ráðstafanir, sem um getur í 1. mgr. 15. gr. í þessari tilskipun, sem nauðsynlegar eru vegna almannaöryggis, landvarna, öryggis ríkisins (þ.m.t. efnahagsleg velferð ríkisins ef starfsemin tengist öryggismálum ríkisins) og fullnustu refsilaga. Þessi tilskipun hefur því ekki áhrif á möguleika aðildarríkjanna til að standa að löglegum hlerunum á raf-rænum fjarskiptum eða gripa til annarra ráðstafana ef nauðsynlegt er af einhverjum þessara ástæðna og í samræmi við Evrópusáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis, eins og túlkað hefur verið í úrskurðum Mannréttindadómstóls Evrópu. Slíkar ráðstafanir skulu vera víðeigandi, nákvæmlega í réttu hlutfalli við fyrirhugaðan tilgang og nauðsynlegar í lýðræðisþjóðfélagi og falla undir aðgerðir sem tryggja fullnægjandi vernd í samræmi við Evrópusáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis.
- 12) Áskrifendur rafrænnar fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, geta verið einstaklingar eða lögaðilar. Þessari tilskipun er ætlað, til viðbótar við tilskipun 95/46/EB, að vernda grundvallarréttindi einstaklinga, einkum rétt þeirra til friðhelgi einkalífsins og einnig réttmæta hagsmuni lögaðila. Þessi tilskipun leggur ekki þá skyldu á aðildarríki að útvíkka gildisvið tilskipunar 95/46/EB til að vernda réttmæta hagsmuni lögaðila sem eru tryggðir í gildandi landslögum og lögum Bandalagsins.
- 13) Samningsbundin tengsl milli áskrifanda og þjónustuveitanda geta falið í sér eingreiðslu eða reglubundnar greiðslur fyrir þjónustuna sem veitt er eða fyrirhugað er að veita. Fyrirframgreidd kort teljast einnig vera samningur.
- 14) Staðsetningargögn geta vísað til breiddargráðu, lengdargráðu og þess í hve mikilli hæð yfir sjávarmáli endabúnaður notandans er, í hvaða átt hann hreyfist, hversu nákvæmar staðsetningarupplýsingarnar eru, til auðkennis þess reit netsins sem endabúnaðurinn er staðsettur í á tilteknum tíma og þess tíma þegar upplýsingarnar voru skráðar.
- 15) Í fjarskiptasendingu kunna að vera upplýsingar sem fela í sér nafn, númer eða heimilisfang sem sendandi fjarskiptasendingarinnar eða notandi tengingar gefur upp til að annast fjarskiptasendinguna. Umferðargögn geta falið í sér að netið, sem fjarskiptasendingin er send á, umbreyti þessum upplýsingum í þeim tilgangi að annast sendinguna. Umferðargögn geta m.a. verið gögn sem vísa til beiningar, tímalengdar, tíma eða magns fjarskiptasendingar, til samskiptareglna sem notaðar eru, til staðsetningar endabúnaðar sendanda eða viðtakanda, til netsins sem fjarskiptasendingin á upphaf sitt á eða þar sem henni lýkur, til upphafs eða loka tengingar eða hversu lengi tenging varir. Þau geta einnig verið sniðið sem fjarskiptasendingin er send á yfir netið.
- 16) Upplýsingar, sem eru hluti útvarpsþjónustu sem veitt er á almennu fjarskiptaneti, eru ætlaðar hugsanlega ótakmörkuðum fjölda einstaklinga og telst ekki fjarskiptasending í skilningi þessarar tilskipunar. Í þeim tilvikum þar sem hins vegar er hægt að bera kennsl á einstaka áskrifendur eða notendur sem taka við slíkum upplýsingum, t.d. pöntunarsjónvarpsþjónustu, teljast upplýsingarnar, sem sendar eru, vera fjarskiptasending að því er þessa tilskipun varðar.
- 17) Að því er þessa tilskipun varðar skal samþykki notanda eða áskrifanda, án tillits til þess hvort hinn siðarnefndi er einstaklingur eða lögaðili, hafa sömu merkingu og samþykki skráðs aðila eins og það er skilgreint og nánar tilgreint í tilskipun 95/46/EB. Samþykki er hægt að veita með hvers kyns víðeigandi aðferð sem gerir óþvingaða, sértæka og upplýsta viljayfirlýsingu notanda mögulega, þ.m.t. að merkja við í reit á vefsetri á Netinu.
- 18) Virðisaukandi þjónusta getur t.d. verið ráðgjöf um ódýrustu gjaldskrárpakkana, leiðsögn, upplýsingar um umferð, veðurspár og upplýsingar fyrir ferðamenn.
- 19) Tilteknar kröfur varðandi númera- og svarnúmera-birtingu og takmörkun á henni og varðandi sjálfvirka framsendingu til áskrifendalína, sem eru tengdar við hliðræna skiptistöð, má ekki gera að skyldu í vissum tilvikum ef það yrði tæknilega óframkvæmanlegt að uppfylla slíkar kröfur eða hefði í för með sér óhóflega mikil útgjöld. Nauðsynlegt er að aðilar, sem eiga hlut að máli, fái vitneskju um slík tilvik og aðildarríkin ættu því að tilkynna framkvæmdastjórninni um þau.

- 20) Þjónustuveitendur verða að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi þjónustunnar sem þeir veita, ef nauðsyn krefur í samstarfi við þann sem býður fram aðgang að netum, og upplýsa áskrifendur um það ef sérstök hættu er á því að netöryggi bregðist. Slík hættu er einkum fyrir hendi að því er varðar rafræna fjarskiptaþjónustu á opnum netum, s.s. Netinu eða í hliðrænni farsímabjónustu. Það er sérstaklega mikilvægt fyrir áskrifendur og notendur slíkrar þjónustu að þeir séu að fullu upplýstir af hálfu þjónustuveitandans um það ef öryggi er stofnað í hættu utan þess sviðs þar sem þjónustuveitandinn getur gert úrbætur. Þjónustuveitendur, sem bjóða rafræna fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg og veitt er á Netinu, skulu upplýsa notendur og áskrifendur um ráðstafanir sem þeir geta gripið til í þeim tilgangi að verja öryggi fjarskiptasendinga sinna t.d. með notkun sérstakrar tegundar hugbúnaðar eða dulkóðunartækni. Krafa um að upplýsa áskrifendur um sérstaka hættu, sem öryggi þeirra er búin, leysir þjónustuveitanda ekki undan þeirri skyldu að grípa, á eigin kostnað, til viðeigandi og tafarlausa ráðstafana til að ráða bót á því þegar öryggi er stofnað í hvers kyns nýja, ófyrirséða hættu og koma þjónustunni aftur á venjulegt öryggisstig. Upplýsingamiðlun til áskrifanda í þeim tilvikum, þegar öryggi er stofnað í hættu, skal vera ókeypis, nema óverulegur kostnaður sem áskrifandinn kann að stofna til við að taka á móti eða ná í upplýsingarnar t.d. með niðurflutningi á tölvupóstskæti. Öryggið er metið á grundvelli ákvæða 17. gr. í tilskipun 95/46/EB.
- 21) Grípa skal til ráðstafana til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang að fjarskiptasendingum til að standa vörð um leynd fjarskiptasendinga, þ.m.t. bæði efni og hvers kyns gögn sem tengjast slíkum fjarskiptasendingum, sem sendar eru með almennum fjarskiptanetum og rafrænni fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg. Innlend löggiöf í sumum aðildarríkjum bannar einungis óheimilan aðgang að fjarskiptasendingum að yfirlögðu ráði.
- 22) Bann við geymslu á fjarskiptasendingum og tengdum umferðargögnum af hálfu einstaklinga, annarra en notenda, eða án samþykkis þeirra er ekki hugsað þannig að það banni sjálfvirka millistigs- og skammtímageymslu þeirra upplýsinga, sem eru fluttar, að því marki sem geymslan er eingöngu í tengslum við flutning innan rafræna fjarskiptanetsins og að því tilskildu að upplýsingarnar séu ekki geymdar lengur en nauðsynlegt er vegna flutningsins og umferðarstjórnar og að leynd sé tryggð á meðan upplýsingarnar eru geymdar. Ef þetta er nauðsynlegt til að gera skilvirkari áframflutning til annarra þiggjenda þjónustunnar, sem óska eftir honum, skal þessi tilskipun ekki koma í veg fyrir að slíkar upplýsingar séu geymdar lengur, að því tilskildu að þessar upplýsingar væru hvort sem er aðgengilegar almenningi án takmarkana og að hvers kyns gögnum, sem vísa til einstakra áskrifenda eða notenda, sem óska eftir slíkum upplýsingum, sé eytt.
- 23) Fjarskiptaleynd skal einnig tryggð í tengslum við lögleg viðskipti. Þar sem það er nauðsynlegt og heimilt samkvæmt lögum má skrá fjarskiptasendingar með það fyrir augum að geta lagt fram sönnunargögn um viðskipti. Tilskipun 95/46/EB gildir um slíka vinnslu. Áður en skráningin fer fram skulu aðilar að fjarskiptasendingunum upplýstir um skráninguna, tilgang hennar og hversu lengi hún verður geymd. Eyða skal fjarskiptasendingunni, sem var skráð, eins fljótt og mögulegt er og a.m.k. í síðasta lagi í lok þess tímabils þegar hægt er að vefengja viðskiptin með löglegum hætti.
- 24) Endabúnaður notenda rafrænna fjarskiptaneta og hvers kyns upplýsingar, sem geymdar eru í slíkum búnaði, eru hluti af einkalífi notenda, sem gerð er krafa um að vernda samkvæmt Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Svokallaður njósnahugbúnaður (spyware), vefhler-unarbúnaður (web bugs) og annar svipaður búnaður getur komist inn í endabúnað notanda án vitundar hans til þess að fá aðgang að upplýsingum, safna földum upplýsingum eða fylgjast með athöfnum notenda og getur með alvarlegum hætti rofið friðhelgi einkalífs þessara notenda. Notkun slíks búnaðar skal einungis leyfð í lögætum tilgangi með vitund hlutaðeigandi notenda.
- 25) Hins vegar getur slíkur búnaður, t.d. svokölluð smygildi (cookies), verið lögætt og nytsamlegt tól, t.d. til að greina skilvirkni vefseturshönnunar og auglýsinga og við að sannprófa kenni notenda sem eiga beintengd viðskipti. Ef slíkur búnaður, t.d. smygildi, er ætlaður til lögættra nota, t.d. til að auðvelda að veita þjónustu í upplýsingasamfélaginu, skal notkun hans leyfð með því skilyrði að notendum séu látnar í té skýrar og nákvæmar upplýsingar í samræmi við tilskipun 95/46/EB um tilgang smygildanna eða svipaðs búnaðar til að tryggja að notendur séu meðvitaðir um upplýsingar sem komið er fyrir á endabúnaðinum sem þeir eru að nota. Notendur skulu fá tækifæri til að hafna því að smygildi eða svipaður búnaður sé vistaður á endabúnaði þeirra. Þetta er einkum mikilvægt þar sem notendur, aðrir en upprunalegi notandinn, hafa aðgang að endabúnaðinum og þar með gögnum, sem innihalda upplýsingar sem eru viðkvæmar með tilliti til friðhelgi einkalífsins, sem geymdar eru með slíkum búnaði. Upplýsingar og réttinn til að hafna má bjóða einu sinni vegna notkunar á ýmsum búnaði sem á að setja upp á endabúnaði notandans meðan sama tenging varir og tekur einnig til hvers kyns frekari notkunar þessa búnaðar við síðari tengingar. Aðferðirnar við að veita upplýsingar, þar sem boðið er upp á réttinn til að hafna eða krefjast samþykkis, skulu gerðar eins notendavænar og mögulegt er. Aðgangur að sérstöku efni vefseturs má enn fremur vera skilyrtur af vel upplýstri viðtöku smygildis eða svipaðs búnaðar ef hann er notaður í lögætum tilgangi.

- 26) Gögn um áskrifendur sem eru notuð á rafrænum fjarskiptanetum til að koma á tengingum og til að senda upplýsingar innihalda upplýsingar um einkalíf einstaklinga og snerta rétt þeirra til að samskiptin séu bundin trúnaði eða þau snerta réttmæta hagsmuni lögaðila. Slík gögn má einungis geyma að því marki sem er nauðsynlegt til að geta veitt þjónustuna, gefið út reikninga og innheimt gjöld fyrir samtengingu og einungis í takmarkaðan tíma. Öll frekari vinnsla slíkra gagna, sem veitandi rafrænnar fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg kann að hafa hug á í því skyni að markaðssetja rafræna fjarskiptaþjónustu eða veita virðisaukandi þjónustu, er því aðeins leyfileg að áskrifandinn hafi veitt samþykki sitt á grundvelli réttra og ítarlegra upplýsinga frá veitanda rafrænnar fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, um það hvers konar frekari vinnslu hann áformar og um rétt áskrifandans til að veita ekki eða afturkalla samþykki sitt fyrir slíkri vinnslu. Umferðargögnum, sem notuð eru til markaðssetningar fjarskiptaþjónustu eða til að veita virðisaukandi þjónustu, skal einnig eytt eða þau aðskilin frá nafni eftir að þjónustan hefur verið veitt. Þjónustuveitendur skulu ávallt upplýsa áskrifendur um það hvers konar gögn þeir eru að vinna og tilgang og tímalengd þessarar vinnslu.
- 27) Nákvæm tímasetning þess þegar fjarskiptasendingu lýkur, en eftir það skal eyða umferðargögnum nema þeim sem tengjast útgáfu reikninga, getur verið háð því hvaða tegund rafrænnar fjarskiptaþjónustu er veitt. Til dæmis lýkur sendingu á símtali í talsímaþjónustu um leið og annar hvor notandinn rýfur tenginguna. Að því er tölvupóst varðar þá lýkur sendingunni um leið og viðtakandi sækir skeytið, alla jafna frá miðlara þjónustuveitanda síns.
- 28) Skyldan til að eyða umferðargögnum eða aðskilja slík gögn frá nafni, þegar þeirra er ekki lengur þörf við fjarskiptasendingu, stríðir ekki á móti aðferðum á Netinu eins og að skyndivista IP-tölur í lénsheita-kerfinu, skyndivista IP-tölur, sem eru bundnar raunvístfangi, eða að nota innskráningarupplýsingar til að stýra aðgangsréttindum að netum eða þjónustu.
- 29) Þjónustuveitanda er heimilt að vinna umferðargögn um áskrifendur og notendur í einstökum tilvikum ef nauðsynlegt er til að greina tæknibilanir og villur í sendingu fjarskiptasendinga. Einnig er þjónustuveitandanum heimilt að vinna umferðargögn sem nauðsynleg eru vegna útgáfu reikninga til að koma upp um og stöðva svik sem felast í ógreiddri notkun rafrænu fjarskiptaþjónustunnar.
- 30) Kerfi til að bjóða fram rafræn fjarskiptanet og þjónustu skulu hönnuð þannig að magni nauðsynlegra persónuupplýsinga sé haldið í algjöru lágmarki. Hvers konar starfsemi í tengslum við veitingu rafrænnar fjarskiptaþjónustu, sem gengur lengra en að senda fjarskiptasendingar og skrifa reikning fyrir því, skal byggð á samanlögðum umferðargögnum sem ekki er hægt að tengja áskrifendum eða notendum. Ef ekki er hægt að byggja slíka starfsemi á samanlögðum gögnum skal hún teljast virðisaukandi þjónusta sem krafist er samþykkis áskrifandans fyrir.
- 31) Hvort heldur það er notandi eða áskrifandi sem skal veita samþykki sitt fyrir vinnslu persónuupplýsinga, þegar tiltekin virðisaukandi þjónusta er veitt, fer eftir því hvaða upplýsingar á að vinna og hvaða tegund þjónustu skal veita og hvort það er mögulegt, tæknilega, aðferðarfræðilega eða samkvæmt samningi að greina einstakling sem notar rafræna fjarskiptaþjónustu frá þeim einstaklingi eða lögaðila sem er áskrifandi að henni.
- 32) Ef veitandi rafrænnar fjarskiptaþjónustu eða virðisaukandi þjónustu felur öðrum aðila, með undirverktöku, vinnslu persónuupplýsinga, sem nauðsynlegar eru til að veita þessa þjónustu skal slík undirverktaka og vinnsla upplýsinga vera í fullu samræmi við kröfurnar er varða ábyrgðaraðila og aðila sem sjá um vinnslu persónuupplýsinga eins og sett er fram í tilskipun 95/46/EB. Ef þess er krafist við veitingu virðisaukandi þjónustu að umferðar- eða staðsetningargögn séu framsend frá veitanda rafrænnar fjarskiptaþjónustu til veitanda virðisaukandi þjónustu skal einnig veita áskrifendum, sem þessi gögn tengjast, allar upplýsingar um þessa framsendingu áður en þeir veita samþykki sitt fyrir vinnslu upplýsinganna.
- 33) Möguleikar áskrifenda á því að sannreyna hvort sú þóknun, sem þjónustuveitandi krefur þá um, sé rétt hafa aukist með tilkomu sundurliðaðra reikninga en jafnframt getur friðhelgi einkalífs notenda fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, verið stofnað í hættu. Þess vegna ber aðildarríkjunum að hvetja til þróunar á valmöguleikum í rafrænni fjarskiptaþjónustu til að vernda einkalíf notandans, t.d. með annars konar greiðslumöguleikum sem veita nafnlausan eða stranglega leynilegan aðgang að rafrænni fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg, t.d. með simakortum eða greiðslu með greiðslukortum. Aðildarríkjunum er heimilt, í sama tilgangi, að fara fram á það við rekstraraðila að þeir bjóði áskrifendum upp á annars konar sundurliðaðan reikning þar sem tiltekinn fjöldi tölustafa er þurrkaður út úr númerum sem hringt er í.

- 34) Nauðsynlegt er, að því er varðar númerabirtingu, að vernda rétt þess sem hringir til að halda leyndu því númeri, sem hringt er úr, og rétt þess sem hringt er til að hafna símtölum frá númerum sem eru ekki gefin upp. Í sérstökum tilvikum er réttlæt看legt að koma í veg fyrir að vörn gegn númerabirtingu sé notuð. Tiltæknir áskrifendur, einkum þeir sem reka hjálparstarf og slík samtök, hafa hag af því að nafnleynd sé tryggð að því er varðar þau símtöl sem berast til þeirra. Nauðsynlegt er, að því er varðar svarnúmerabirtingu, að vernda réttmæta hagsmuni þeirra sem hringt er til og rétt til að láta ekki birta númerið sem hringjandinn tengist í raun, einkum þegar um er að ræða framsend símtöl. Þeir sem veita rafræna fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, verða að tilkynna áskrifendum sínum um það hvort númera- og svarnúmerabirting er notuð í kerfinu og um alla þjónustu, sem í boði er á grundvelli númera- og svarnúmerabirtingar, og um þá kosti sem standa til boða með tilliti til friðhelgi einkalífsins. Þetta veitir áskrifendum tækifæri til að taka upplýsta ákvörðun um það hvaða kost þeir velja til að vernda friðhelgi einkalífsins. Möguleikar til að verja friðhelgi einkalífsins, sem eru í boði fyrir einstakar línur, þurfa ekki endilega að vera fyrir hendi sem sjálfvirk netþjónusta en geta fengist með einfaldri beiðni til aðila sem veitir rafræna fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg.
- 35) Í stafrænum farstöðvanetum er unnið úr staðsetningargögnum sem segja til um staðsetningu endabúnaðar farstöðvanotanda til að gera kleift að senda fjarskiptasendinguna. Slík gögn eru umferðargögn sem falla undir 6. gr. í þessari tilskipun. Stafræn farstöðvanet kunna þó einnig að búa yfir getu til að vinna staðsetningargögn sem eru nákvæmari en nauðsynlegt er til að senda fjarskiptasendingar og sem notuð eru til að veita virðisaukandi þjónustu, s.s. þjónustu sem veitir einstaklingsbundnar upplýsingar um umferð og leiðbeiningar til okumanna. Vinnsla slíkra gagna vegna virðisaukandi þjónustu skal einungis heimil ef áskrifendur hafa veitt samþykki sitt. Jafnvel í tilvikum þar sem áskrifendur hafa veitt samþykki sitt skulu þeir með einföldum hætti geta hafnað tímabundið vinnslu staðsetningargagna, þeim að kostnaðarlausu.
- 36) Aðildarríkjunum er heimilt að takmarka rétt notenda og áskrifenda til friðhelgi einkalífs með tilliti til númerabirtingar, ef það er nauðsynlegt til að rekja símtöl sem valda ónæði eða óþægindum, og með tilliti til númerabirtingar og staðsetningargagna ef það er nauðsynlegt til að neyðarþjónustur geti innt verkefni sín af hendi á sem árangursríkastan hátt. Í þessum tilgangi er aðildarríkjunum heimilt að samþykkja sérákvæði sem gera veitendum rafrænnar fjarskiptaþjónustu kleift að veita aðgang að númerabirtingu og staðsetningargögnum án fyrirframsamþykkis hlutaðeigandi notenda eða áskrifenda.
- 37) Gera verður verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir að áskrifendur verði fyrir óþægindum vegna sjálfvirkrar framsendingar símtala annarra. Í slíkum tilvikum verða áskrifendur enn fremur að eiga möguleika á því að geta stöðvað framsendingu símtala á endabúnað þeirra með einfaldri beiðni til aðilans sem veitir fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg.
- 38) Skrár yfir áskrifendur að rafrænni fjarskiptaþjónustu er dreift í stóru upplagi og eru þær öllum aðgengilegar. Vegna réttar einstaklinga til friðhelgi einkalífs og réttmætra hagsmuna lögaðila verða áskrifendur að geta ráðið því hvort persónuupplýsingar um þá eru birtar í símaskrá og þá hvaða upplýsingar. Þeir sem bjóða almennar símaskrár skulu upplýsa áskrifendur, sem eiga að vera skráðir í slíka skrá, um tilgang slíkra skráa og um hvers konar sérstaka notkunarmöguleika á rafrænum útgáfum almennra símaskráa, einkum með leitaraðgerðum sem eru innbyggðar í hugbúnaðinn, s.s. afturvirk leit sem gerir notendum símaskrárinnar kleift að komast að nafni og heimilisfangi áskrifandans einungis út frá símanúmeri hans.
- 39) Leggja ber þá skyldu að upplýsa áskrifendur um tilgang almennra símaskráa, sem skrá á persónuupplýsingar þeirra í, á aðilann sem safnar gögnunum til slíkrar skráningar. Ef gögnin kunna að verða send til eins eða fleiri þriðju aðila skal upplýsa áskrifandann um þann möguleika og um viðtakanda eða flokka mögulegra viðtakenda. Allar fjarskiptasendingar skulu háðar því skilyrði að ekki megi nota gögnin í öðrum tilgangi en þeim sem var ástæðan fyrir söfnun þeirra. Ef aðilinn, sem safnar gögnum frá áskrifanda, eða þriðji aðili, sem gögnin hafa verið send til, óskar eftir því að nota gögnin í öðrum tilgangi til viðbótar skal annaðhvort aðilinn sem upphaflega safnaði gögnunum eða þriðji aðilinn, sem gögnin voru send til, fá endurnýjað samþykki áskrifandans.
- 40) Gera verður verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir að brotið verði gegn friðhelgi einkalífs áskrifenda með óumbeðnum fjarskiptasendingum vegna beinnar markaðssetningar, einkum með sjálfvirkum upphringivélum, símbrefum og tölvupósti, þ.m.t. smáskilaboð (SMS). Þessa tegund óumbeðinna fjarskiptasendinga í atvinnuskyni kann annars vegar að vera auðvelt og ódýrt að senda og hins vegar geta þær verið íþyngjandi fyrir viðtakandann og valdið honum kostnaði. Enn fremur getur magn þeirra í sumum tilvikum einnig valdið erfiðleikum í rafrænum fjarskiptanetum og endabúnaði. Að því er varðar slíka tegund óumbeðinna fjarskiptasendinga vegna beinnar markaðssetningar er réttlæt看legt að krefjast þess að afdráttarlaust fyrirframsamþykki viðtakanda sé fengið áður en slíkar fjarskiptasendingar eru sendar til hans. Einn óskiptur markaður krefst samræmdra aðferða til að tryggja einfaldar reglur fyrir fyrirtæki og notendur í öllu Bandalaginu.

- 41) Að því er varðar tengsl við viðskiptavinum, sem þegar eru fyrir hendi, er sanngjarnt að heimila notkun tölvupóstfanga til að bjóða svipaðar vörur eða þjónustu, en einungis af hálfu sama fyrirtækis og aflaði rafræna upplýsinganna í samræmi við tilskipun 95/46/EB. Þegar rafræna upplýsinga er aflað skal viðskiptavinurinn upplýstur um frekari notkun þeirra við beina markaðssetningu með skýrum og greinilegum hætti og fá tækifæri til að synja um slíka notkun. Halda skal áfram að bjóða upp á þennan möguleika, ókeypis, í hvert sinn sem bein markaðssetningarskilaboð eru send, að undanskildum þeim kostnaði sem hlýst af því að senda þessa synjun.
- 42) Aðrar tegundir beinnar markaðssetningar, sem eru kostnaðarsamari fyrir sendandann og hafa ekki kostnað í för með sér fyrir áskrifendur og notendur, s.s. símtöl milli einstaklinga um talsímanet, geta réttlætt að haldið sé við kerfi sem veitir áskrifendum eða notendum möguleika á að tilgreina að þeir vilji ekki fá slík símtöl. Til að draga ekki úr núverandi vernd einkalífsins skulu aðildarríkin engu að síður eiga rétt á að viðhalda innlendum kerfum sem einungis heimila slík símtöl til áskrifenda og notenda sem hafa veitt fyrirframsamþykki sitt.
- 43) Til að auðvelda skilvirka framkvæmd Bandalagsreglna um óumbeðin skeyti vegna beinnar markaðssetningar er nauðsynlegt að banna notkun rangra auðkenna eða rangra pósthafa eða númera þegar send eru óumbeðin skilaboð vegna beinnar markaðssetningar.
- 44) Tiltekin tölvupóstkerfi gera áskrifendum kleift að sjá sendanda og efnislínu tölvupósts og eyða póstinum án þess að þurfa að flytja niður afganginn af innihaldi tölvupóstsins eða hvers konar viðhengi, og takmarka þannig kostnað sem gæti hlotist af því að flytja niður óumbeðinn tölvupóst eða viðhengi. Þetta fyrirkomulag getur verið nytsamlegt í ákveðnum tilvikum sem viðbót við þær almennu skyldur sem eru ákveðnar í þessari tilskipun.
- 45) Tilskipun þessi er með fyrirvara um ráðstafanir sem aðildarríkin gera til að vernda réttmæta hagsmuni lögaðila með tilliti til óumbeðinna fjarskiptasendinga vegna beinnar markaðssetningar. Ef aðildarríkin koma á fót úrsagnarskrá vegna slíkra fjarskiptasendinga fyrir lögaðila, einkum notendur í fyrirtækjum, eru ákvæði 7. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafræna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“) ⁽¹⁾ í fullu gildi.
- 46) Hægt er að fella notkunarmöguleikana til að veita rafræna fjarskiptaþjónustu inn í netið eða hvaða hluta endabúnaðar notenda sem er, þ.m.t. hugbúnaðurinn. Verndun persónuupplýsinga og einkalífs notenda rafrænnar fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, skal vera óháð uppsetningu hinna ýmsu íhluta sem nauðsynlegir eru til að veita þjónustuna og dreifingu nauðsynlegra notkunarmöguleika milli þessara íhluta. Tilskipun 95/46/EB tekur til hvers konar vinnslu persónuupplýsinga án tillits til þeirrar tækni sem notuð er. Óvíst er að sérreglur fyrir rafræna fjarskiptaþjónustu samhliða almennum reglum fyrir aðra íhluti, sem nauðsynlegir eru til að veita slíka þjónustu, auðveldi vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífsins með tæknilega hlutlausum hætti. Því kann að vera nauðsynlegt að samþykkja ráðstafanir þar sem þess er krafist að framleiðendur tiltekinna tegundar búnaðar, sem notaður er í rafrænni fjarskiptaþjónustu, smíði vörur sínar þannig að í þeim séu innbyggðar öryggisráðstafanir til að tryggja að persónuupplýsingar og friðhelgi einkalífs notanda og áskrifanda njóti verndar. Samþykkt slíkra ráðstafana í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskipta-búnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra ⁽²⁾ mun tryggja að innleiðing tæknimöguleika í rafrænum fjarskipta-búnaði, þ.m.t. hugbúnaður til gagnaverndar, sé samhæfð þannig að hún samræmist framkvæmd á innri markaðnum.
- 47) Ef réttur notenda og áskrifenda er ekki virtur er nauðsynlegt að kveða á um réttarúrræði í landslögum. Hver sá sem fer ekki að þeim innlendu ákvæðum, sem eru sett samkvæmt þessari tilskipun, skal sæta viðurlögum hvort sem mál hans fellur undir einkarétt eða opinberan rétt.
- 48) Varðandi beitingu þessarar tilskipunar getur verið gagnlegt að líta til reynslu starfshóps um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga sem í eru fulltrúar eftirlitsyfirvalda aðildarríkjanna og komið var á fót skv. 29. gr. tilskipunar 95/46/EB.
- 49) Til að auðveldara sé að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar er þörf á ákveðnu sérfrýrkomulagi við vinnslu þeirra gagna sem þegar eru fyrir hendi á þeim degi er innlend framkvæmdalöggjöf tekur gildi samkvæmt þessari tilskipun.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið og markmið

1. Með þessari tilskipun skal samhæfa ákvæði aðildarríkjanna til að tryggja að vernd grundvallarréttinda og mannfrelsis sé á sama stigi, einkum að því er varðar réttinn til friðhelgi einkalífsins vegna vinnslu persónuupplýsinga á rafræna fjarskiptasviðinu og til að tryggja frjálsan flutning slíkra gagna og um rafrænan fjarskipta-búnað og -þjónustu í Bandalaginu.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10.

2. Ákvæði þessarar tilskipunar eru viðbót við og nánari umfjöllun um ákvæði tilskipunar 95/46/EB með það fyrir augum að ná þeim markmiðum sem um getur í 1. mgr. Þar að auki er kveðið á um réttmæta hagsmuni áskrifenda sem eru lögaðilar.

3. Þessi tilskipun gildir ekki um starfsemi sem fellur utan gildissviðs stofnsáttmála Evrópubandalagsins, t.d. þá starfsemi sem kveðið er á um í V. og VI. bálki sáttmálans um Evrópusambandið, og ekki í neinum tilvikum um starfsemi sem varðar almannaoðryggi, varnarmál, öryggi ríkisins (þ.m.t. efnahagsleg velferð ríkisins ef starfsemin tengist öryggismálum ríkisins) og starfsemi ríkisins á sviði refsilaga.

2. gr.

Skilgreiningar

Ef ekki er kveðið á um annað gilda skilgreiningarnar í tilskipun 95/46/EB og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan reglu- ramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (ramma- tilskipun) ⁽¹⁾.

Eftirfarandi skilgreiningar skulu jafnframt gilda:

- a) „notandi“: einstaklingur sem notar rafræna fjarskipta- þjónustu sem er öllum aðgengileg, til einkanota eða vegna atvinnureksturs, þótt hann hafi ekki endilega gerst áskrifandi að þjónustunni,
- b) „umferðargögn“ gögn sem unnin eru í þeim tilgangi að flytja fjarskiptasendingu á rafrænu fjarskiptaneti eða til að gefa út reikninga vegna þess,
- c) „staðsetningargögn“: gögn sem unnin eru í rafrænu fjarskiptaneti, sem tilgreina staðsetningu endabúnaðar notanda rafrænnar fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg,
- d) „fjarskiptasending“: upplýsingar sem skipst er á eða eru fluttar milli tiltekins fjölda aðila með rafrænni fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg. Þetta tekur ekki til upplýsinga sem fluttar eru sem hluti af útvarps- þjónustu til almennings um rafrænt fjarskiptanet nema að því marki sem hægt er að tengja upplýsingarnar við áskrifandann eða notandann sem tekur við þeim,
- e) „símtal“: tenging sem komið er á með talsímaþjónustu sem er öllum aðgengileg og leyfir tviátta fjarskipti á rauntíma,
- f) „samþykki“: samþykki notanda eða áskrifanda samsvarar samþykki skráðs aðila í tilskipun 95/46/EB,
- g) „virðisaukandi þjónusta“: þjónusta þar sem nauðsynlegt er að unnar séu umferðarupplýsingar eða staðsetningar- upplýsingar, aðrar en umferðarupplýsingar, umfram það sem nauðsynlegt er til að senda fjarskiptasendinguna eða gefa út reikning vegna hennar,
- h) „tölvupóstur“ texta-, radd-, hljóð- eða myndskilaboð sem send eru á almennu fjarskiptaneti, sem er öllum aðgengilegt, sem hægt er að geyma á netinu eða í

endabúnaði viðtakanda þar til þau eru sótt af viðtakanda.

3. gr.

Þjónusta

1. Þessi tilskipun gildir um vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við framboð á rafrænni fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, á almennum fjarskiptanetum í Bandalaginu.

2. Ákvæði 8., 10. og 11. gr. gilda um áskriftarlínur, sem eru tengdar við stafrænar skiptistöðvar, og, þegar það er tæknilega framkvæmanlegt og hefur ekki í för með sér óhóflega mikil útgjöld, um áskriftarlínur sem eru tengdar við hliðrænar skiptistöðvar.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um tilvik þar sem það myndi verða tæknilega óframkvæmanlegt eða hafa í för með sér óhóflega mikil útgjöld að uppfylla kröfur í 8., 10. og 11. gr.

4. gr.

Öryggi

1. Sá sem býður fram rafræna fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, verður að gera viðeigandi ráðstafanir, tæknilega og skipulagslega, til að standa vörð um öryggi þeirrar þjónustu sem hann veitir, ef nauðsyn krefur í samstarfi við þann sem býður fram aðgang að almennu fjarskiptaneti, með tilliti til netöryggis. Þessar ráðstafanir skulu, að teknu tilliti til tæknistigs og kostnaðar við framkvæmdina, tryggja hæfilegt öryggisstig miðað við þá áhættu sem um er að ræða.

2. Sé um að ræða sérstaka hættu á því að netöryggi bregðist verður veitandi rafrænnar fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, að upplýsa áskrifendur um slíka áhættu og, ef áhættan er utan þess sviðs þar sem þjónustu- veitandinn getur gert úrbætur, öll hugsanleg úrræði, þ.m.t. kostnaðurinn í tengslum við þau.

5. gr.

Fjarskiptaleynd

1. Aðildarríkin skulu, með innlendra löggjöf, tryggja fjarskiptaleynd og leynd tengdra umferðargagna við notkun almennra fjarskiptaneta og rafrænnar fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg. Einkum skulu þau leggja bann við hlustun, upptöku, geymslu eða öðrum aðferðum við hleranir eða eftirlit með fjarskiptum og tengdum umferðargögnum af öðrum aðilum en notendum, án samþykkis viðkomandi notanda, nema þegar slíkt er heimilt samkvæmt lögum í samræmi við 1. mgr. 15. gr. Þessi málsgrein skal ekki koma í veg fyrir tæknilega geymslu sem nauðsynleg er vegna flutnings fjarskiptasendingar, sbr. þó meginregluna um fjarskiptaleynd.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.

2. Ákvæði 1. mgr. hafa ekki áhrif á upptökur, sem eru heimilar samkvæmt lögum, á fjarskiptum og tengdum umferðargögnum þegar þær eru gerðar í tengslum við lögleg viðskipti með það fyrir augum að geta lagt fram sönnun um viðskipti eða önnur samskipti í atvinnulífinu.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að notkun rafrænna fjarskiptaneta til að geyma upplýsingar eða til að fá aðgang að upplýsingum, sem geymdar eru í endabúnaði áskrifanda eða notanda, sé einungis heimiluð með því skilyrði að hlutadeigandi áskrifandi eða notandi hafi fengið skýrar og tæmandi upplýsingar í samræmi við tilskipun 95/46/EB, m.a. um tilgang vinnslunnar, og að ábyrgðaraðili gagnanna bjóði honum þann rétt að hafna slíkri vinnslu. Þetta skal ekki koma í veg fyrir tæknilega geymslu eða aðgang í þeim tilgangi einum að framkvæma eða auðvelda sendingu fjarskiptasendingar á rafrænu fjarskiptaneti eða í þeim tilgangi að veita nauðsynlega þjónustu í upplýsingasamfélaginu sem áskrifandi eða notandi hefur sérstaklega óskað eftir.

6. gr.

Umferðargögn

1. Eyða verður umferðargögnum, sem varða áskrifendur og notendur, sem eru unnin og eru geymd hjá þeim sem býður fram almenn fjarskiptanet eða rafræna fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg, eða aðskilja þau frá nafni um leið og þeirra er ekki lengur þörf til að senda fjarskiptasendingu, sbr. þó ákvæði 2., 3. og 5. mgr. í þessari grein og 1. mgr. 15. gr.

2. Heimilt er að vinna úr gögnum sem nauðsynleg eru vegna útgáfu reikninga og gjalda vegna samtengingar. Slík vinnsla er aðeins heimil til loka þess tímabils þegar lögum samkvæmt er hægt að vefengja reikning eða krefjast greiðslu.

3. Veitanda rafrænnar fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, er heimilt að vinna úr gögnunum, sem um getur í 1. mgr., til markaðssetningar rafrænnar fjarskiptaþjónustu eða vegna veitingar virðisaukandi þjónustu, að því marki og svo lengi sem nauðsynlegt er vegna slíkrar þjónustu eða markaðssetningar, ef áskrifandinn eða notandinn, sem gögnin tengjast, hefur gefið samþykki sitt. Notendum eða áskrifendum skal hvenær sem er gefinn möguleiki á því að afturkalla samþykki sitt fyrir vinnslu umferðargagna.

4. Þjónustuveitandinn verður að upplýsa áskrifandann eða notandann um þær tegundir umferðargagna sem unnin eru og um það hve lengi vinnslan varir í þeim tilgangi sem um getur í 2. mgr. og, áður en samþykki er fengið, í þeim tilgangi sem um getur í 3. mgr.

5. Vinnsla umferðargagna, í samræmi við 1., 2., 3. og 4. mgr. verður að takmarkast við þá sem vinna undir umsjón þeirra sem bjóða fram almenn fjarskiptanet og rafræna fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, og sjá um útgáfu reikninga eða umferðarstjórn, fyrirspurnir frá viðskiptavinum, að koma upp um svik, markaðssetningu rafrænnar fjarskiptaþjónustu eða veitingu virðisaukandi þjónustu og hún verður að takmarkast við það sem er nauðsynlegt vegna slíkrar starfsemi.

6. Ákvæði 1., 2., 3. og 5. mgr. gilda með fyrirvara um að þar til bærir aðilar geti fengið upplýsingar um umferðar- og gjaldtökugögn í samræmi við gildandi lög í því skyni að leysa deilumál, einkum deilumál um samtengingu eða gjaldtöku.

7. gr.

Sundurliðaðir reikningar

1. Áskrifendur eiga rétt á því að reikningar, sem þeir fá, séu ósundurliðaðir.

2. Aðildarríkin skulu beita innlendum ákvæðum til að brúa bilið milli réttar þeirra áskrifenda, sem fá sundurliðaða reikninga, og friðhelgi einkalífs þeirra sem hringja og áskrifenda sem hringt er til, t.d. með því að tryggja að þeim notendum og áskrifendum standi nægar aðrar aðferðir til boða til að auka friðhelgi einkalífsins með tilliti til fjarskipta og greiðslna.

8. gr.

Númera- og svarnúmerabirting og takmarkanir á henni

1. Þegar boðið er upp á númerabirtingu þess sem hringir verður þjónustuveitandinn að bjóða honum að eiga möguleika á því, á auðveldan hátt og sér að kostnaðarlausu, að koma í veg fyrir númerabirtingu fyrir hvert símtal um sig. Áskrifandi, sem hringir, verður að hafa þennan möguleika fyrir hverja línu um sig.

2. Þegar boðið er upp á númerabirtingu verður þjónustuveitandinn að bjóða áskrifandanum, sem hringt er til, möguleika á því, á auðveldan hátt og sér að kostnaðarlausu miðað við eðlilega notkun þessa möguleika, að útiloka númerabirtingu á mótteknum símtölum.

3. Þegar boðið er upp á númerabirtingu og þegar númerið er birt áður en símtalið er afgreitt verður þjónustuveitandinn að bjóða áskrifandanum, sem hringt er til, möguleika á því, á auðveldan hátt, að hafna símtölum þar sem notandinn eða áskrifandinn, sem hringir, hefur komið í veg fyrir númerabirtingu.

4. Þegar boðið er upp á svarnúmerabirtingu verður þjónustuveitandinn að bjóða áskrifandanum, sem hringt er til, að eiga möguleika á því, á auðveldan hátt og sér að kostnaðarlausu, að útiloka svarnúmerabirtingu til þess notanda sem hringir.

5. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig að því er varðar símtöl frá Bandalaginu til þriðju landa. Ákvæði 2., 3. og 4. mgr. gilda einnig um símtöl sem berast frá þriðju löndum.

6. Aðildarríkin skulu sjá til þess að þegar boðið er upp á númera- og/eða svarnúmerabirtingu upplýsi veitendur rafrænnar fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, almenning um það og um möguleikana sem greint er frá í 1., 2., 3. og 4. mgr.

9. gr.

Staðsetningargögn, önnur en umferðargögn

1. Ef hægt er að vinna staðsetningargögn, önnur en umferðargögn, sem tengjast notendum eða áskrifendum almennra fjarskiptaneta eða rafrænnar fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg, er einungis heimilt að vinna slík gögn ef þau eru aðskilin frá nafni eða með samþykki notenda eða áskrifenda, að því marki og svo lengi sem nauðsynlegt er til að veita virðisaukandi þjónustu. Þjónustuveitandinn verður að upplýsa notendur eða áskrifendur, áður en samþykki þeirra er fengið, um þá tegund staðsetningargagna, annarra en umferðargagna, sem unnin verða, um tilgang vinnslunnar og hversu lengi hún stendur yfir og hvort gögn verði send til þriðja aðila í þeim tilgangi að veita hina virðisaukandi þjónustu. Notendum eða áskrifendum skal, hvenær sem er, gefinn möguleiki á því að afturkalla samþykki sitt fyrir vinnslu staðsetningargagna, annarra en umferðargagna.

2. Ef samþykki notenda eða áskrifenda hefur fengist fyrir vinnslu staðsetningargagna, annarra en umferðargagna, skal notandinn eða áskrifandinn samt sem áður hafa möguleika á því, sér að kostnaðarlausu og með auðveldum hætti, að hafna tímabundið vinnslu slíkra gagna fyrir hverja tengingu við netið fyrir sig eða hverja sendingu fjarskiptasendingar.

3. Vinnsla staðsetningargagna, annarra en umferðargagna, í samræmi við 1. og 2. mgr., verður að takmarkast við þá sem vinna undir umsjón þess sem býður fram almenn fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, eða þriðja aðila sem veitir hina virðisaukandi þjónustu og verður að takmarkast við það sem er nauðsynlegt til að veita hina virðisaukandi þjónustu.

10. gr.

Undantekningar

Aðildarríkin skulu sjá til þess að gagnsæ ákvæði gildi um það á hvaða hátt þeir sem bjóða fram almenn fjarskiptanet og/eða fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, geti komið í veg fyrir að:

- vörn gegn númerabirtingu númersins, þaðan sem hringt er, sé notuð tímabundið, að beiðni áskrifanda um að símtöl sem valda ónæði eða óþægindum verði rakin. Þegar um slíkt er að ræða verða gögnin, sem innihalda auðkenni áskrifandans sem hringir, geymd í samræmi við landslög og gerð aðgengileg af hálfu þeirra sem bjóða fram almenn fjarskiptanet og/eða rafræna fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg,
- vörn gegn númerabirtingu númersins, þaðan sem hringt er, sé notuð og að notendur eða áskrifendur hafni tímabundið eða samþykki þeirra sé ekki fyrir hendi að því er varðar vinnslu staðsetningargagna fyrir hverja línu um sig, þegar um er að ræða fyrirtæki sem bregðast við neyðarsímtölum og eru viðurkennd sem slík af aðildarríkinu til að taka á móti slíkum símtölum þ.m.t. handhafar lögregluvalds, sjúkrabifreiðar og slökkviliðsbifreiðar.

11. gr.

Sjálfvirk framsending simtala

Aðildarríkin skulu sjá til þess að allir áskrifendur hafi, sér að kostnaðarlausu og með auðveldum hætti, möguleika á að stöðva framsendingu sjálfvirkra simtala þriðja aðila til endabúnaðar áskrifandans.

12. gr.

Áskrifendaskrár

1. Aðildarríkin skulu tryggja að áskrifendur séu upplýstir, þeim að kostnaðarlausu og áður en þeir eru skráðir í skrána, um tilgang prentaðrar eða rafrænnar áskrifendaskrár, sem er öllum aðgengileg eða hægt er að nálgast með leitarþjónustu, sem heimilt er að skrá persónuupplýsingar þeirra í og hvers kyns frekari notkunarmöguleika sem byggjast á leitar- aðgerðum sem er að finna í rafrænum útgáfum skrárinnar.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að áskrifendur fái tækifæri til að ákvarða hvort persónuupplýsingar þeirra séu skráðar í almenna skrá og, ef svo er, hvaða upplýsingar að því marki sem slík gögn tengjast tilgangi skrárinnar, eins og sá sem býður skrána fram ákvarðar, og til að sannprófa, leiðrétta eða afturkalla slík gögn. Það skal vera ókeyps í að vera ekki skráður í almenna áskrifendaskrá, að sannprófa, leiðrétta eða afturkalla persónuupplýsingar úr skránni.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að krefjast þess að leitað sé eftir viðbótarsamþykki frá áskrifendum vegna hvers konar tilgangs með almennri áskrifendaskrá, annars en að leita að upplýsingum um einstaklinga á grundvelli nafns þeirra og, ef nauðsynlegt, lágmarksauðkennum.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda um áskrifendur sem eru einstaklingar. Aðildarríkin skulu einnig tryggja, innan ramma laga Bandalagsins og gildandi landslaga, að réttmætir hagsmunir annarra áskrifenda en einstaklinga séu nægilega tryggðir að því er varðar skráningu þeirra í almennar skrár.

13. gr.

Óumbeðnar fjarskiptasendingar

1. Einungis má leyfa sjálfvirk upphringikerfi án mannlegrar íhlutunar (sjálfvirkar upphringivélar), símbréfataeki (faxtæki) eða tölvupóst í beinum, markaðslegum tilgangi þegar um er að ræða áskrifendur sem hafa gefið samþykki sitt fyrir fram.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er sama einstaklingi eða lögaðila heimilt, ef einstaklingur eða lögaðili fær frá viðskiptavinum sínum upplýsingar um tölvupóstfang í sambandi við sölu á vöru eða þjónustu í samræmi við tilskipun 95/46/EB, að nota þessar upplýsingar um tölvupóstfang til beinnar markaðssetningar á eigin, svipuðum vörum eða þjónustu, að því tilskildu að viðskiptavinir fái skýrt og greinilega tækifæri til að andmæla, þeim að kostnaðarlausu og með auðveldum hætti, notkun slíkra upplýsinga um tölvupóstfang þegar þeirra er aflað og þegar slíkur póstur er sendur ef viðskiptavinurinn hefur ekki upphaflega hafnað slíkri notkun.

3. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja, án þess að gjald komi fyrir, að óumbeðnar fjarskiptasendingar í beinum markaðslegum tilgangi, í öðrum tilvikum en þeim sem um getur í 1. og 2. mgr., séu ekki leyfðar, hvorki án samþykkis viðkomandi áskrifenda né þegar áskrifendur hafa óskað eftir því að fá ekki slíkar fjarskiptasendingar; í landslögum skal ákvarða hvorn kostinn skuli velja.

4. Í öllum tilvikum skal bannað að senda tölvupóst vegna beinnar markaðssetningar, þar sem því er leynt eða það falið hver sá er sem annast fjarskiptasendinguna, eða án gilds tölvupóstfangs sem viðtakandinn getur sent beiðni til um að fjarskiptasendingum verði hætt.

5. Ákvæði 1. og 3. mgr. gilda um áskrifendur sem eru einstaklingar. Aðildarríkin skulu einnig tryggja, innan ramma laga Bandalagsins og gildandi landslaga, að réttmætir hagsmunir annarra áskrifenda en einstaklinga séu nægilega tryggðir að því er varðar óumbeðnar fjarskiptasendingar.

14. gr.

Tæknileg atriði og stöðlun

1. Við framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar skulu aðildarríkin sjá til þess, í samræmi við 2. og 3. mgr., að ekki séu gerðar neinar ófrávikjanlegar kröfur um sérstök tæknileg atriði varðandi endabúnað og annan rafrænan fjarskiptabúnað sem gætu komið í veg fyrir markaðssetningu búnaðarins og frjálsa dreifingu slíks búnaðar í aðildarlöndunum og milli þeirra.

2. Þegar einungis er unnt að koma ákvæðum þessarar tilskipunar í framkvæmd með því að gera kröfu um sérstök tæknileg atriði á rafrænum fjarskiptanetum skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni um það samkvæmt ákvæðunum sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta á sviði tækni- staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu ⁽¹⁾.

3. Ef þess er krafist er heimilt að samþykkja ráðstafanir til að tryggja að endabúnaður sé smíðaður á þann hátt sem samrýmist rétti notenda til að vernda og stjórna notkun persónuupplýsinga þeirra í samræmi við tilskipun 1999/5/EB og ákvörðun ráðsins 87/95/EBE frá 22. desember 1986 um stöðlun á sviði upplýsingatækni og fjarskipta ⁽²⁾.

15. gr.

Beiting tiltekinna ákvæða í tilskipun 96/46/EB

1. Aðildarríkin geta samþykkt lagaákvæði til að takmarka umfang þeirra réttinda og skyldna sem kveðið er á um í 5. gr., 6. gr., 8. gr. (1., 2., 3. og 4. mgr.) og 9. gr. í þessari tilskipun þegar slík takmörkun er nauðsynleg, viðeigandi og hlutfallsleg ráðstöfun í lýðræðisþjóðfélagi til að tryggja

þjóðaröryggi (þ.e. öryggi ríkisins), landvarnir, almannaröryggi og til að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um og ákæra fyrir lögbrot eða fyrir óleyfilega notkun á rafræna fjarskiptakerfinu eins og um getur í 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 95/46/EB. Í þessu skyni er aðildarríkjunum m.a. heimilt að samþykkja lagaákvæði sem kveða á um að gögn séu varðveitt í takmarkaðan tíma sem helgast af þeim ástæðum sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein. Allar ráðstafanirnar, sem um getur í þessari málsgrein, skulu vera í samræmi við almennar meginreglur í lögum Bandalagsins, þ.m.t. þær sem um getur í 1. og 2. mgr. 6. gr. í sáttmálanum um Evrópusambandið.

2. Ákvæði III. kafla um lagaleg úrræði, bótaábyrgð og viðurlög í tilskipun 95/46/EB gilda um innlend ákvæði sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og að teknu tilliti til einstakra réttinda sem leiðir af þessari tilskipun

3. Starfshópurinn um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem komið var á fót skv. 29. gr. tilskipunar 95/46/EB, skal einnig inna af hendi þau verkefni, sem mælt er fyrir um í 30. gr. þeirrar tilskipunar, og taka tillit til verndar grundvallarréttinda og frelsis og réttmætra hagsmuna á sviði rafrænna fjarskipta sem þessi tilskipun fjallar um.

16. gr.

Bráðabirgðafyrirkomulag

1. Ákvæði 12. gr. gilda ekki um útgáfur skráa sem hafa verið framleiddar eða settar á markað í prentuðu formi eða rafrænu formi án beinlínutengingar áður en innlend ákvæði, sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun, taka gildi.

2. Ef persónuupplýsingar áskrifenda að almennri fast- eða farsímabjónustu hafa verið skráðar í almenna áskrifendaskrá í samræmi við ákvæði tilskipunar 95/46/EB og 11. gr. tilskipunar 97/66/EB áður en innlend ákvæði, sem samþykkt eru í samræmi við þessa tilskipun, taka gildi mega þessar persónuupplýsingar um slíka áskrifendur vera skráðar áfram í þessa almennu skrá, sem er á prentuðu eða rafrænu formi, þ.m.t. útgáfur með afturvirkri leit, nema áskrifendur tilgreini annað eftir að hafa fengið tæmandi upplýsingar um tilgang og valmöguleika í samræmi við 12. gr. þessarar tilskipunar.

17. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. október 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 98/48/EB (Stjtið. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 36, 7.2.1987, bls. 31. Ákvörðuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvæði landslaga er þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi tekur til og um allar síðari breytingar á þessum ákvæðum.

18. gr.

Endurskoðun

Eigi síðar en þremur árum eftir þann dag sem um getur í 1. mgr. 17. gr. skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar tilskipunar og áhrif hennar á rekstraraðila og neytendur, einkum að því er varðar ákvæðin um óumbeðnar fjarskiptasendingar að teknu tilliti til alþjóðlegs umhverfis. Í þessu skyni er framkvæmdastjórninni heimilt að krefjast upplýsinga frá aðildarríkjunum sem skulu veita þær án ótilhlýðilegrar tafar. Eftir því sem við á skal framkvæmdastjórnin leggja fram tillögur um breytingar á þessari tilskipun að teknu tilliti til niðurstaðna þessarar skýrslu, allra breytinga á þessu sviði og allra annarra tillagna sem hún kann að telja nauðsynlegar til að auka skilvirkni þessarar tilskipunar.

19. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 97/66/EB fellur úr gildi frá og með þeim degi sem um getur í 1. mgr. 17. gr.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun.

20. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

21. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. júlí 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

T. PEDERSEN

forseti.